# Reglugerð um Heiðurshöll ÍSÍ

1. **Markmið**
   Meginmarkmiðið með Heiðurshöll ÍSÍ er að heiðra og kynna framúrskarandi afreksíþróttafólk og íþróttaþjálfara og afrek þeirra.

2. **Fyrirkomulag**
   Framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur ákvörðum um val einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ, að fengnum tilnefningum Heiðursráðs ÍSÍ.
   Einungis er þó hægt að tilnefna afreksíþróttafólk sem hefur lokið keppnisferli sínum í viðkomandi íþrótt fyrir a.m.k. fimm árum síðan.

3. **Tilnefningar**
   Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir allt að tvo einstaklinga við afhendingu viðurkenningar til Íþróttamanns ársins hverju sinni og allt að tvo fyrir hvert Íþróttaþing.

4. **Viðurkenning**
   Einstaklingar, sem útnefndir eru inn í Heiðurshöll ÍSÍ, fá viðurkenningarskjal sem staðfestir inntöku þeirra í Heiðurshöll ÍSÍ.
   Skjöldur, merktur viðkomandi skal varðveittur í höfuðstöðvum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Einnig verður afreka viðkomandi minnst með viðeigandi hætti.

5. **Safn**
   Upplýsingar um afrek þeirra sem valdir hafa verið í Heiðurshöll ÍSÍ skulu varðveittar hjá ÍSÍ.
   Umsýsla og utanumhald safnsins er hjá ÍSÍ.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar 3. febrúar 2011.**

**Breytt 4. janúar 2012, breytt 26. janúar 2012, breytt 12. mars 2015, breytt 6. apríl 2017, breytt 28. nóvember 2019.**